

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Minnisblað

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd
Sendandi: Skrifstofa orku; iðnaðar og viðskipta
Dagsetning: 18.11.2020
Málsnúmer: ANR20080070
Bréfalykill: 04.01.06

Efni: 151. lgb. FIN - Frumvarp til laga um viðskiptaleyndarmál

I. Inngangur.

Minnisblað þetta er ritað vegna innsendra umsagna við frumvarp til laga um viðskiptaleyndarmál, þskj. 13 – 13. mál sem unnið var í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði heildarlög um viðskiptaleyndarmál. Frumvarpið felur meðal annars í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/943 frá 8. júní 2016 um verndun trúnaðarupplýsinga um sérþekkingu og viðskipti (viðskiptaleyndarmál) gegn ólögmætri öflun, notkun og birtingu þeirra (hér eftir nefnd tilskipunin).

Efnahags- og viðskiptanefnd bárust tvær umsagnir um frumvarpið. Umsagnaraðilar eru Alþýðusamband Íslands og Samtök iðnaðarins.

Í minnisblaðinu er farið yfir helstu athugasemdir sem gerðar hafa verið við frumvarpið við þinglega meðferð þess og viðbrögð ráðuneytisins við þeim athugasemdum. Til einföldunar verður umfjölluninni skipt niður eftir greinarnúmerum frumvarpsins.

II. Umsagnir og afstaða atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

13. gr.

Alþýðusamband Íslands gerir athugasemd við að heimilt verði að bæta lögadilum ófjárhagslegt tjón. Bent er á að almennt sé lögadilum ekki dæmdar miskabætur enda passi slíkir aðilar illa inn í almennar skilgreiningar á „sálrænu tjóni“. Tilskipunin geri ekki kröfu um að aðildarríki setji reglur um miskabætur. Ákvæðið beri þess því merki að vera sérstök lagaheimild um einhvers konar refsikennd viðurlög fremur en miskabætur í skilningi íslensks skaðabótaréttar. Verði það að teljast óeðlilegt í ljósi þess að heimilt sé að beita brotlega einstaklinga og aðila viðurlögum sbr. VII. kafla frumvarpsins. Leggur Alþýðusamband Íslands til að 4. mgr. 13. gr. verði felld úr frumvarpinu.

Afstaða ráðuneytisins.

4. mgr. 13. gr.

Í 4. mgr. frumvarpsins er lagt til að dæma megi bætur til handhafa viðskiptaleyndarmálsins vegna ófjárhagslegs tjóns. Í gildandi lögum er ekki að finna sérstaka lagaheimild til að dæma bætur til handhafa viðskiptaleyndarmáls vegna ófjárhagslegs tjóns og felur tillagan því í sér breytingu á gildandi rétti. Með ákvæðinu er stefnt að því að innleiða ákvæði 2. mgr. 14. gr., sbr. 30. lið aðfararorða hennar um að taka skuli tillit til allra videigandi þátta við ákvörðun skaðabóta þ.m.t. annarra atriða en efnahagslegra þátta, s.s. siðferðilegs tjóns (fr. préjudice moral, e. moral prejudice, d. ikkeøkonomiske skade, þ. immaterieller Schaden). Ákvæðið tekur bæði til einstaklinga og lögadila sem eru handhafar viðskiptaleyndarmáls. Ákvæðið er að danskri fyrirmynd, sbr. 4. mgr. 15. gr. danskra laga um viðskiptaleyndarmál (d. lov om forretningshemmeligheder).

Að því er varðar umfjöllun um að um sé að ræða refsikennd viðurlög er rétt að benda á að skv. c. lið 2. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar eiga ráðstafanir, verklagsreglur og úrræði að vera skilvirk og hafa varnaðaráhrif. Markmið bótareglna tilskipunarinnar er þó ekki einungis að hafa varnaðaráhrif heldur einnig að bæta það tjón sem orðið hefur. Samkvæmt 30. lið aðfararorða tilskipunarinnar er skaðabótum þannig ætlað að tryggja að handhafi viðskiptaleyndarmálsins sem beri tjónið sé eins settur og ef ólögmeitt framferði hefði ekki átt sér stað.

20. gr.

Samtök iðnaðarins benda á að í 17. gr. laga um opinber innkaup, nr. 120/2016 (lög um opinber innkaup), sé kveðið á um trúnaðarskyldu, en þar segir að kaupanda er óheimilt að láta af hendi viðkvæmar upplýsingar sem fyrirtæki hefur lagt fram sem trúnaðarupplýsingar. Til slíkra upplýsinga teljist upplýsingar um rekstur, sértækar tæknilausnir, einingarverð, fjárhagsmálefni og viðskipti og aðrar þær upplýsingar sem skaðað geta hagsmuni fyrirtækisins ef aðgangur er veittur að þeim. Þrátt fyrir skýrt ákvæði þá sé hætt á að hið opinbera veiti öðrum en þeim sem ráði yfir upplýsingum með lögmeðum hætti aðgang að trúnaðarupplýsingunum. Það geti m.a. gerst ef almenningur fái aðgang að útboðsgögnum á grundvelli upplýsingalaga nr. 140/2012 (upplýsingalög), þar sem viðkvæmar upplýsingar eins og einingarverð eða sértækar tæknilausnir séu aðgengilegar. Samtök iðnaðarins leggi til að bætt verði við 20. gr. frumvarpsins breytingar til að tryggja aukna vernd slíkra upplýsinga. Samtökin leggi til að bætt verði við nýjum málslíð við 1. mgr. 17. gr. laga um opinber innkaup sem árétti að við öflun, notkun og afhjúpun á fyrrgreindum trúnaðarupplýsingum gildi lög um viðskiptaleyndarmál. Viðbótin tryggji bjóðendum í opinberum innkaupum þau úrræði sem frumvarpið hafi að geyma, t.a.m. heimild til að leggja lögban, bætur fyrir fjártjón og/eða bætur fyrir ófjárhagslegt tjón.

Afstaða ráðuneytisins.

20. gr.

Ráðuneytið bendir á að skv. 1. mgr. 17. gr. laga um opinber innkaup sé kaupanda óheimilt að láta af hendi viðkvæmar upplýsingar sem fyrirtæki hefur lagt fram sem trúnaðarupplýsingar. Til slíkra upplýsinga teljast upplýsingar um rekstur, sértækar tæknilausnir, einingarverð, fjárhagsmálefni og viðskipti og aðrar þær upplýsingar sem skaðað geta hagsmuni fyrirtækisins ef aðgangur er veittur að þeim. Í 4. mgr. sömu greinar segir að ákvæði 1. mgr. hafi að öðru leyti ekki áhrif á skyldu opinbers aðila til að leggja fram upplýsingar á grundvelli upplýsingalaga.

Í 9. gr. upplýsingalaga er kveðið á um takmarkanir á upplýsingarétti vegna einkahagsmuna. Þar segir að óheimilt sé að veita almenningi aðgang að gögnum um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjamt er og edlilegt að leynt fari, nema sá samþykki sem í hlut á. Sömu takmarkanir gilda um aðgang að gögnum er varða mikilvæga virka fjárhags- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækja og annarra lögaðila. Í skýringum við 4. gr. í greinargerð með frumvarpi til laganna segir að í 2. málsl. 9. gr. frumvarpsins sé mælt svo fyrir að óheimilt sé að veita almenningi aðgang að gögnum er varða mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækja og annarra lögaðila. Til samræmis við þetta ákvæði beri að skýra ákvæði sem mæla fyrir um þagnarskyldu um atvinnu-, framleiðslu- og viðskiptaleyndarmál eða rannsóknir í þágu atvinnulífs sem kostaðar eru af einkaaðilum. Í skýringum við 9. gr. segir jafnframt að óheimilt sé að veita almenningi aðgang að gögnum um mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækja og annarra lögaðila. Þannig sé óheimilt að veita upplýsingar um atvinnu-, framleiðslu- og viðskiptaleyndarmál eða viðkvæmar upplýsingar um rekstrar- eða samkeppnisstöðu svo og aðra mikilvæga viðskiptahagsmuni. Samkvæmt framansögðu kemur meðal annars til skoðunar hvort upplýsingar teljist viðskiptaleyndarmál þegar opinber aðili metur hvort veita beri aðgang að gögnum skv. 9. gr. upplýsingalaga.

Ráðuneytið bendir einnig á að 1. mgr. 17. gr. laga um opinber innkaup tekur til viðkvæmra upplýsinga sem fyrirtæki hefur lagt fram sem trúnaðarupplýsingar. Til slíkra upplýsinga teljist upplýsingar um rekstur, sértækar tæknilausnir, einingarverð, fjárhagsmálefni og viðskipti og aðrar þær upplýsingar sem skaðað geta hagsmuni fyrirtækisins ef aðgangur er veittur að þeim. Í 4. tölul. 2.

gr. frumvarpsins er hugtakið viðskiptaleyndarmál skilgreint. Nær það til upplýsinga sem eru leyndarmál í þeim skilningi að þær eru ekki, sem heild eða í samskipan og samsetningu einstakra hluta þeirra, almennt þekktar eða auðvelt að nálgast meðal aðila í hópum sem venjulega fjalla um þá tegund upplýsinga sem um er að ræða, hafa viðskiptalegt gildi vegna þess að þær eru leyndarmál og einstaklingur eða lögaðili ræður löglega yfir og hefur gert eðlilegar ráðstafanir eftir aðstæðum til að halda leyndum. Samkvæmt þessu kunna viðkvæmar upplýsingar sem fyrirtæki hefur lagt fram sem trúnaðarupplýsingar í skilningi 1. mgr. 17. gr. að vera víðtækara mengi en þær upplýsingar sem teljast viðskiptaleyndarmál skv. frumvarpinu. Bent er á í þessu samhengi að ef upplýsingar skv. 17. gr. laga um opinber innkaup, uppfylla skilyrði 4. tölul. 2. gr. frumvarpsins þá eru þær til þess fallnar að teljast viðskiptaleyndarmál og njóta þannig réttarverndar frumvarpsins. Ráðuneytið bendir á að tillaga Samtaka iðnaðarins myndi þýða að réttarvernd viðskiptaleyndarmála yrði víkkuð út, þ.e. hún myndi ná til allra tegunda upplýsinga sem tilgreindar eru í 1. mgr. 17. gr. laga um opinber innkaup óháð því hvort þau teldust viðskiptaleyndarmál í skilningi frumvarpsins.

Að mati ráðuneytisins er sú vernd sem upplýsingar njóta skv. 17. gr. laga um opinber innkaup, 9. gr. upplýsingalaga og almennum reglum skaðabótaréttar nú þegar fullnægjandi. Það er einnig mat ráðuneytisins að ekki sé æskilegt að útvíkka réttarvernd frumvarpsins til upplýsinga sem eru ekki viðskiptaleyndarmál.